

## **Samþykkt um verklagsreglur fyrir starfsháttanefnd Vestfjarðastofu ses.**

### **Skipan og hlutverk starfsháttanefndar**

Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu ses. skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi til fjögurra ára. Hlutverk starfsháttanefndar er að vera umsagnaraðili um innri reglur Vestfjarðastofu ses. og vinna tillögur til ársfundar um kjör í stjórn stofnunarinnar, starfsháttanefnd og siðanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar. Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn eða siðanefnd Vestfjarðastofu ses.

### **Um verkefni starfsháttanefndar**

Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. Skal hún leita eftir tilnefningum til Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi tilnefningu tveggja fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og eins til vara, og til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa og eins til vara. Starfsháttanefnd er heimilt að leita út fyrir hóp þeirra sem tilnefndir eru við uppstillingu til stjórnarkjörs. Nefndin skal kynna tillögu sína fyrir fulltrúaráði eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársfund samhliða fundarboðun. Ársfundur getur falið starfsháttanefnd önnur verkefni auk þess sem stjórn getur leitað umsagnar nefndarinnar um þau mál sem hún kýs.

### **Um fundi starfsháttanefndar**

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu boðar til fyrsta fundar starfsháttanefndar. Nefndin velur sér formann sem eftir það boðar til funda og stýrir þeim. Heimilt er að boða fundi með rafrænum hætti og skal það gert með minnst sólarhrings fyrirvara. Starfsháttanefnd skal funda minnst tvisvar á ári. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar. Formaður starfsháttanefndar sér um að fundargerðir séu skipulega færðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Fundargerðir starfsháttanefndar skulu sendar stjórn.

### **Um kostnað við starfsemi starfsháttanefndar**

Vestfjarðastofa greiðir kostnað við ferðir nefndarmanna vegna funda en stjórn ákveður þóknun þeirra.

### **Breytingar á starfsreglum starfsháttanefndar**

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta starfsháttanefndar Vestfjarðastofu ses.

Samþykkt á stjórnarfundi Vestfjarðastofu 26. júní 2018